Mánudaginn 25. júní 1973.

Nr. 5/1973. **Alþýðusamband Íslands f. h.**
**Sjómannasambands Íslands vegna**
**Sjómanna- og vélstjóradeildar**
**Verkalýðsfélags Akraness**
(Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.**
**Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna**
**Útvegsmannafélags Akraness**
(Jónas Haraldsson cand. jur.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Skýrð ákvæði kjarasamnings um aukahlut háseta.

## Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 12. apríl þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Akraness.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að skilja beri 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 31. des. 1971 þannig, að þegar skipverja vantar í róður á línubát, sem stundar landróðra, skuli hlutur hans ætíð skiptast jafnt milli þeirra manna, sem í þann róður fara, án tillits til kauptryggingar.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings, dags. 31. des. 1971, milli sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal milli Sjómanna- og

vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness og Útvegsmannafélags Akraness, segir svo:

„Vanti skipverja í róður skal hlutur hans skiptast jafnt milli þeirra manna, sem í þann róður fara".

Út af þessu samningsákvæði hefur risið ágreiningur milli nefndra samningsaðilja á Akranesi.

Heldur stefnandi því fram, að skýra beri þetta ákvæði svo, að þegar færri menn fari í róður en tilskilið sé í kjarasamningnum, skuli aflahlutur þess skipverja, sem vant er, skiptast á milli hinna skipverjanna án nokkurs tillits til ákvæða 17. gr. sama kjarasamnings, en þar segir, að útgerðarmaður skuli tryggja „skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum ..." og eru fjárhæðir þess lágmarkskaups tilgreindar.

Stefndi leggur hins vegar þann skilning í nefnd ákvæði, að ekki megi blanda saman hlut og kauptryggingu og komi ákvæðið um greiðslu kauptryggingar þá fyrst til álita, ef heildarhlutur skipverja og þá að meðtöldum hlut samkvæmt 2. mgr. 2. gr. nær ekki þeirri lágmarksfjárhæð kaups, sem skipverjum sé tryggð með ákvæðum áðurnefndrar 17. gr.

Nánar skýrir stefnandi svo frá málavöxtum, að eigi hafi á árinu 1971 eða þar áður komið til ágreinings milli sjómanna og útgerðarmanna á Akranesi út af því ákvæði kjarasamninga, að vanti skipverja í róður, skuli hlutur hans skiptast jafnt milli þeirra manna, er í þann róður fara, enda muni það hafa verið almennast áður, að menn á veiðum með línu reru upp á fast kaup.

Í ársbyrjun 1972 hafi sjómenn á Akranesi hins vegar verið ráðnir á línubáta samkvæmt ákvæðum núgildandi kjarasamnings frá 31. des. 1971, en samkvæmt honum hafi kauptrygging hækkað mjög frá því sem áður var. Stefnandi segir, að í upphafi þessarar vertíðar, þ. e. vertíðarinnar janúar—maí 1972, hafi sjómenn spurzt fyrir um það hjá stéttarfélagi sínu, hvort þeir ættu ekki alltaf að fá greiddan hlut 6. mannsins, ef hann vantaði á bátinn, og hafi því alfarið verið svarað játandi af félagsins hálfu.

Við reikningsskil í maí 1972 hafi hins vegar komið í ljós, að á þeim bátum, þar sem einungis voru 5 menn um borð í

stað sex, hafi sjómenn ekki fengið neinn viðbótarhlut, heldur aðeins kauptryggingu þá, sem um hafi verið samið, en afli þessarar vertíðar hafi reynzt svo rýr, að kauptryggingarákvæðin hafi komið til framkvæmda. Stefnandi segir, að verkalýðsfélagið hafi mótmælt þessum reikningsskilum og ætlað að ræða þessi mál við formann Útvegsmannafélags Akraness, en þá hafi komið í ljós, að enginn starfandi formaður hafi verið í félaginu. Þá hafi mál þetta verið rætt við þrjá tilgreinda útvegsmenn á Akranesi og lögfræðing L.Í.Ú. Hafi útvegsmennirnir færzt undan að verða við kröfu sjómannanna um greiðslu viðbótarhlutar án samráðs við L.Í.Ú. Um haustið 1972 hafi svo borizt skilaboð frá L.Í.Ú., að viðbótarhluturinn yrði ekki greiddur. Hafi þá næst legið fyrir að leita úrlausnar dómstóla um ágreiningsefni þetta. En áður en því yrði komið í framkvæmd, hafi nefndur ágreiningur vaknað á ný að því er varðaði línuvertíðina okt.—des. 1972 og svo vetrarlínuvertíðina jan.—marz 1973.

Stefnandi kveður, að í upphafi þessara tveggja síðastnefndu vertíða hafi sjómenn á Akranesi, minnugir þess, að þeir hafi talið sig svikna um viðbótarhlutinn á vetrarvertíðinni jan.—marz 1972, farið fram á það við útvegsmenn, að ætíð væri full tala skipverja á línuveiðabátum. Hafi sjómenn talið sig eiga samningslegan rétt til þess, nema um óvænt forföll væri að ræða. Er því í þessu sambandi haldið fram af stefnanda, að útvegsmenn á Akranesi hafi mjög tíðkað það að hafa færri menn á línuveiðabátum en kjarasamningar standi til. Verkalýðsfélagið hafi eindregið stutt nefnda málaleitan sjómanna. Þegar hér var komið, segir stefnandi, að útvegsmenn hafi boðið sjómönnum að greiða þeim ætíð kaup sjötta mannsins, hvort heldur væri hlutur eða kauptrygging, þegar vant væri á fulla tölu skipverja og skipta því á milli þeirra, sem á sjó færu í hvert sinn. Við þetta hafi verið staðið á línuvertíðinni haustið 1972 og veturinn 1973, en hins vegar hafi útvegsmenn enn synjað um greiðslu á aukahlutum samkvæmt 2. mgr. 2. gr. vegna línuveiðanna á vetrarvertíðinni jan.—marz 1972.

Stefnandi styður skilning sinn á framangreindu ákvæði 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings málsaðilja þeim rökum, að fyrir-

mæli þetta sé alveg óháð ákvæði 17. gr. sama samnings um kauptryggingu. Viðbótarhluturinn samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sé borgun fyrir sérstakt vinnuframlag skipverja, þegar færri menn eru á skipi en almennt sé gert ráð fyrir. Þá borgun eigi að inna af hendi fyrir hvern sérstakan róður, sem farið er í með færri mönnum en kjarasamningurinn miðar við. Eigi þessi aukahlutur ekki að orka á heildarhlut vertíðarinnar, þegar metið sé, hvort kauptryggingarákvæðin verði virk. Þessi skilningur eigi m. a. að koma í veg fyrir það, að útgerðarmaður geti sparað sér útgjöld með því að láta 5 menn leysa af hendi 6 manna störf. Kauptryggingin sé einvörðungu til að bæta hinn reglulega aflahlut sjómannsins, ef hann reynist svo rýr, að hann nái ekki ákveðnu marki. Hún sé greiðsla fyrir venjulegt vinnuframlag. En leggi skipverji á sig aukið erfiði vegna þess, að mann vanti í róður, eigi hann að fá það greitt sérstaklega. Þetta eigi 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins að tryggja skipverjanum. Beindir stefnandi í þessu efni einnig á 23. gr. sjómannalaga nr. 67 frá 1963 máli sínu til stuðnings.

Stefndi hefur af sinni hálfu alfarið hafnað skilningi stefnanda á 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 31. des. 1971. Heldur hann því fram, að samkvæmt ákvæðum samningsins fái sjómenn á línuveiðum ákveðinn hundraðshluta af brúttóafla skips þess, er hlut á að máli, og sé sá hundraðshluti fenginn samkvæmt þeim skiptakjörum, sem samningurinn ákveði. En þar sem sjósókn sé áhættusamur atvinnuvegur, sé sjómönnum tryggt ákveðið lágmarkskaup, ef afli bregst, svonefnd kauptrygging. Sé því annað hvort um hlut eða kauptryggingu að ræða, eftir því hvernig aflabrögðum sé háttað. Hins vegar séu engin ákvæði í kjarasamningum aðilja, er mæli fyrir um það, að laun sjómanna skuli bæði vera hlutur og kauptrygging og hugtak það, sem stefnandi kalli „viðbótarhlut" eigi hér ekki við. Sé því alrangur sá skilningur stefnanda, að ákvæði 2. mgr. 2. gr. nefnds kjarasamnings sé óháð ákvæðum 17. gr. sama samnings um kauptrygginguna. Vanti skipverja í róður, skiptist hlutur hans milli hinna skipverjanna og auki þannig hlut þeirra og ráði stærð hlutar, sem þannig fáist, hvort til kauptryggingar komi.

Þá heldur stefndi því fram, að ákvæði 23. gr. sjómannalaganna eigi hér ekki við, því sú grein fjalli um það tilvik, ef skipverjum fækki eftir að ferð er hafin.

Stefndi skýrir enn fremur svo frá, að framkvæmd þessa samningsatriðis, sem hér er deilt um, hafi verið með þeim hætti á Akranesi, að á línuvetrarvertíðinni jan.—marz 1972 hafi einstakir skipverjar án afskipta sjómannadeildarinnar krafizt þessa svonefnda „viðbótarhlutar", en þeirri kröfu hafi útgerðarmenn vísað á bug. Hafi einstakir sjómenn gert sams konar kröfur haustið 1972 og muni einstakir útvegsmenn hafa látið undan þeirri kröfu vegna ótta við það, að þeir myndu að öðrum kosti ekki fá menn til róðra. Hins vegar hafi skilningi stefnanda verið hafnað af hálfu Útvegsmannafélags Akraness, og formaður þess sagt af sér formennsku vegna „yfirborgana" einstakra útvegsmanna í þessum efnum og öðrum, sem formaðurinn taldi brjóta í bág við gerða kjarasamninga. Er því eindregið mótmælt af hálfu stefnda, að viðbrögð eða framkvæmd einstakra útvegsmanna á Akranesi, eða jafnvel framkvæmd einstakra útvegsmannafélaga geti orkað á það, hvernig 2. mgr. 2. gr. oftnefnds kjarasamnings sé skýrð, þar sem hér sé um að ræða heildarkjarasamning, sem eigi færri en 9 útvegsmannafélög séu aðiljar að.

Í 2. gr. framangreinds kjarasamnings frá 31. des. 1971 eru ákvæði um skiptakjör, þegar veitt er með línu. Fá skipverjar í sinn hlut ákveðinn hundraðshluta af bruttó afla, en sá hlutur er mismunandi mikill eftir stærð bátsins. Þá er og við hvern stærðarflokk báta miðað við tiltekinn mannfjölda á bát. Þannig fá skipverjar 31% bruttóafla á 30 til 50 rúmlesta skipum miðað við 10 menn, þar af 5 í landi. Á skipum yfir 50 rúmlestir er hundraðshluti aflans hinn sami, en miðað er við 11 menn, þar af 5 í landi. Ekki er lagt bann við því, að færri menn en hlutaskiptin miðast við vinni við landróðrabát, sem stundar línuveiðar, en bregði út af því af einhverjum ástæðum, að viðmiðunartala manna við bát sé ekki full, hvort heldur er um háseta eða landmenn að ræða, skal hlutur þess manns, sem vant er, skiptast milli hinna. Þannig skal hlutur skipverja, sem vantar í róður, skiptast jafnt milli

þeirra manna, sem í þann róður fara, en hlutur landmanns, þegar hann vantar, skal skiptast milli landmanna, enda vinni þeir störf hans. Er eðlilegt að skilja þetta ákvæði svo, að hásetar og landmenn fái hér sérstaka þóknun fyrir aukið álag, sem leiðir af því að færri mönnum er hér ætlað að skila sömu afköstum.

Með kauptryggingarákvæðum 17. gr. er hins vegar verið að tryggja skipverjum tiltekið lágmarkskaup, sem þeir fá greitt án tillits til stærðar skips eða mannfjölda á skipi og án nokkurrar viðmiðunar við afköst eða sérstakt álag á þá.

Þegar til þessa er litið, verður eigi séð, að tengsl þurfi að vera milli ákvæðis 2. mgr. 2. gr. og ákvæða 17. gr. kjarasamnings aðilja. Ekki verður við skýringu á hinu umdeilda samningsákvæði stuðzt við ákveðna almenna framkvæmd, enda hefur verið að því vikið í flutningi málsins, að hún sé ef til vill ekki hin sama hjá öllum þeim aðiljum, sem kjarasamningurinn frá 31. des. 1971 tekur til, en hér er um mörg sjómanna- og útvegsmannafélög að ræða. Segir og í 35. gr. samningsins, að þótt hann gildi sameiginlega fyrir félögin, skuli þó hvert þeirra teljast sérstakur samningsaðili.

Með tilliti til þeirra atriða, sem rakin hafa verið, telur dómurinn rétt að skýra 2. mgr. 2. gr. oftnefnds kjarasamnings á þá lund, að þegar skipverja vantar í róður á bát, sem stundar línuveiðar, skuli hlutur hans skiptast jafnt á milli þeirra manna, sem í þann róður fara og að ekki skuli tekið tillit til þessarar aukaþóknunar skipverja, þegar metið er, hvort kauptryggingarákvæðin samkvæmt 17. gr. sama kjarasamnings skuli koma til framkvæmdar.

Verða kröfur stefnanda samkvæmt þessu teknar til greina. Rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Skilja ber 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 31. des. 1971 á þá lund, að þegar skipverja vantar í róður á bát, sem stundar veiðar með línu, skuli hlutur hans skiptast jafnt milli þeirra manna, sem í þann róður fara, og skal ekki telja hann með heildarhlut sjómanns, þegar

metið er, hvort greiða skuli kauptryggingu samkvæmt 17. gr. sama kjarasamnings.

Málskostnaður fellur niður.

---

Föstudaginn 24. ágúst 1973.

Nr. 7/1973. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur vegna Flugfreyjufélags Íslands**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómarar:
Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Bjarni K. Bjarnason, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Flugfreyjur. Skýrð ákvæði kjarasamnings um dagpeninga.

## Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 17. júlí sl., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur vegna Flugfreyjufélags Íslands gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa: Að sami hundraðshluti flugfreyja annars vegar og flugmanna og flugvélstjóra hins vegar skuli njóta ákvæða kjarasamninga á réttarskj. nr. 4 og 5 um dagpeninga, eins og þau ákvæði eru framkvæmd.

Varakrafa: Að allar flugfreyjur, sem starfað hafa hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f í 1 mánuð eða lengur hinn 11. maí 1973 fái, frá þeim degi, fulla dagpeninga eins og flugliðar, þ. e. flugmenn og flugvélstjórar, samkvæmt